

Nd.

269. Breytingartillögur

við frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd,

1. Fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannig:

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega innan eða utan hrepps hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin jafnframt taka á leigu til afnota innan hrepps og semja um leiguna. Skal nefndin gera hreppsþúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar. Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

2. Við 7. gr. Fyrir »fóður — leigu eftir hann« komi: leigu eftir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum og fóðri.
3. Á eftir 7. gr. komi ný gr. þannig:

Hrossakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir eru lögmatir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru sammála.

Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hreppsnefnd og lagður fram á vorhreppaskilæþingi.